

# REGLUR

## um útgáfu vegabréfa til íslenskra ríkisborgara erlendis.

### I. KAFLI

#### Útgáfa vegabréfa.

##### 1. gr.

Ríkislögreglustjórinn annast útgáfu almennra vegabréfa til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis.

Þegar sérstaklega stendur á gefa íslensk sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur (sendistofnanir) út vegabréf til bráðabirgða (neyðarvegabréf) til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis. Utanríkisráðuneytið ákveður hvaða sendistofnanir hafa heimild til útgáfu slíkra vegabréfa.

### II. KAFLI

#### Umsókn um vegabréf.

##### 2. gr.

Íslenskar sendistofnanir afhenda eyðublöð fyrir umsóknir um vegabréf til íslenskra ríkisborgara sem staddir eru erlendis. Þeim skulu fylgja leiðbeiningar um frágang þeirra.

Íslenskar sendistofnanir taka við umsóknum um almenn vegabréf og neyðarvegabréf, en þær taka ekki við umsóknum um ferðaskilríki fyrir flóttamenn, vegabréf fyrir útlendinga eða hópvegabréf.

##### 3. gr.

Starfsmenn íslenskra sendistofnana skulu votta undirritun umsækjanda á umsóknar-eyðublaði, sem ljósmynd af umsækjanda er fest við, enda sanni hann deili á sér.

Sendistofnanir skulu framsenda ríkislögreglustjóranum umsóknir um vegabréf, fylgi-gögn og greiðslu fyrir útgáfu vegabréfsins og öðrum kostnaði svo fljótt sem unnt er.

Þegar sérstaklega stendur á getur íslenskt sendiráð, fastanefnd eða sendiræðisskrifstofa (sendiskrifstofa) heimilað að starfsmenn sendistofnana annarra norræna ríkja, lögbókandi í viðkomandi landi eða annar opinber aðili, sem til þess er bær samkvæmt lögum viðkomandi ríkis, votti undirritun umsækjanda á umsóknareyðublaði um vegabréf, enda framsendi vottunaraðilinn sendiskrifstofunni umsóknina.

### III. KAFLI

#### Gildistími vegabréfa, skil þeirra o.fl.

##### 4. gr.

Sendistofnunum Íslands er heimilt að framlengja gildistíma almenns vegabréfs sem runnið hefur út á síðustu 12 mánuðum, eða sem renna mun út innan skamms tíma, ef ekki er unnt að gefa út nýtt vegabréf í tæka tíð.

Vegabréf skal framlengt með áritun þar um. Þó má aldrei framlengja vegabréf til lengri tíma en eins árs.

##### 5. gr.

Um gjöld fyrir útgáfu vegabréfa fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs hverju sinni. Gjöld vegna póstsendingar- og bankakostnaðar við útgáfu vegabréfa skulu ákveðin í reglugerð um embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

IV. KAFLI  
**Gildistaka o.fl.**

6. gr.

Við útgáfu vegabréfa og móttöku og meðferð umsókna um vegabréf skal að öðru leyti en að framan greinir beita ákvæðum reglugerðar um íslensk vegabréf nr. 270/1999 eftir því sem við á.

7. gr.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt 18. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971, sbr. 1. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, 5. og 8. gr. reglugerðar um íslensk vegabréf nr. 270/1999 og 2. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, öðlast gildi 1. júní 1999.

*Utanríkisráðuneytinu, 29. apríl 1999.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

**REGLUGERÐ**  
**um próf í verðbréfamiðlun.**

1. gr.

Prófnefnd verðbréfamiðlunar heldur próf í verðbréfamiðlun samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti. Próf þetta nefnist verðbréfamiðlunarpróf og er eitt af skilyrðum sem framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skal fullnægja samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

Viðskiptaráðherra skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti fimm menn, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af víðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af Samtökum verðbréfafyrirtækja, einn tilnefndur sameiginlega af kauphöllum og skipulegum tilboðsmörkuðum skv. lögum nr. 34/1998 og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. gr.

Próf skulu að jafnaði haldin eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Prófnefnd ákveður fjölda prófa. Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Próf skulu auglýst í fjölmiðlum með a.m.k. átta vikna fyrirvara. Í auglýsingu skal koma fram hvar og hvenær próf eru haldin, tímalengd þeirra, hvaða hjálpargögn eru leyfileg, hvaða lágmarkseinkunna er krafist, hver fjárhæð prófgjalda er og hvernig þau skuli greidd. Einnig skal koma fram hvar upplýsingar um prófkröfur og prófsefni er að finna.

Ekki er skylt að halda sérstakt sjúkra- eða upptökupróf í tengslum við próf samkvæmt 1. mgr.

Ráðherra ákveður prófgjöld að fenginni tillögu prófnefndar og skal greiða þau fyrir þau tímamörk sem prófnefnd ákveður.